

Eineltisáætlun Salaskóla

Einelti er ekki liðið í Salaskóla.

Skólayfirvöld, starfsfólk, nemendur, skólaráð og foreldrafélag vinna markvisst með fjölbreyttum aðferðum gegn einelti í skólanum. Í öllum bekkjum er unnið eftir forvarnaráætlun Salaskóla þar sem áhersla er á að byggja upp jákvæð samskipti og góða sjálfsmynd. Skólinn leggur ríka áherslu á að traust og virðing ríki innan skólans og nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum. Í Salaskóla starfar eineltisteymi sem ber ábyrgð á fyrirbyggjandi starfi og fylgist vel með því að unnið sé eftir eineltisáætlun skólans. Vinna með einstök eineltismál er á ábyrgð nemendaverndarráðs.

Hvað er einelti?

Salaskóli styðst við eftirfarandi skilgreiningu á einelti, en túlkar hana rúmt og vinnur frekar fleiri mál en færri sem eineltismál.

Einstaklingur er lagður í einelti ef hann/hún verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil

Tilkynning um einelti

Salaskóli hvetur nemendur sem telja sig eða aðra nemendur verða fyrir einelti að segja frá því. Þeir geta leitað til kennara, námsráðgjafa, skólastjórnenda eða foreldra. Mikilvægt er að biðja ekki með að tilkynna.

Hvernig tekið er á einelti?

Þegar grunur vaknar um einelti eða skólanum berst tilkynning er um leið hafist handa við að kanna málið og afla upplýsinga. Í framhaldi af því eru tekin einstaklingsviðtöl við gerendur og rætt við foreldra þeirra. Þá er einnig tekið viðtal við þolanda og foreldra hans. Málið er svo tekið fyrir í nemendaverndarráði og skráð þar. Því er fylgt eftir þar til tryggt þykir að málinu sé lokið. Eineltismál geta verið ólík.